



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 2. FUNDUR Á VORÖNN 2017 MIÐVIKUDAGINN 25. JANÚAR KL.13:15

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum (sjá minnisblað)

Vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

C. Önnur bréf

Einn nemandi gerir athugasemd vegna lokaeinkunnar símatsáfanga. Vísað til kennslustjóra í viðkomandi áfanga.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Söngkeppni FG gekk mjög vel í alla staði. Undirbúningur fyrir árhátíðina gengur vel. Framundan eru Gettu betur og Morfís keppnirnar. NFFG þarf að vera sýnilegt á Opna húsinu í febrúar og einnig stendur til að fá nemendur til að vera með á stóru framhaldsskólakynningunni í Laugardalshöll í mars.

3. Önnur mál

Tillaga að breytingu á skólareglum, 2. og 5. gr. samþykkt þannig að þær séu skýrari og í samræmi við aðrar reglur um skráningu veikinda og notkun tóbaks.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms- og starfsráðgjafi
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen skólameistari
Freyrmar Örn Ómarsson gjaldkeri NFFG
Selma Rós Axelsdóttir forseti NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnfulltrúi
Snjólaug Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur símonardóttir náms- og starfsráðgjafi